Yfirlýsing

Vegna staðhæfinga Jóns Bjarka Magnússonar, fyrrverandi blaðamanns DV, um að frétt hans um Sigurjón Árnason, bankastjóra Landsbankans, hafi verið stöðvuð er rétt að eftirfarandi komi fram: Fréttin bætti litlu við það sem áður hafði komið fram á Eyjunni um veru Sigurjóns Árnasonar í Landsbankanum. Blaðamaðurinn leitaði ekki staðfestingar Landsbankans á því að það sem Sigurjón sagði hafi verið satt og rétt. Jón Bjarki var sérstaklega beðinn um að bæta fréttina með nýjum upplýsingum og útbúa hana til birtingar í DV en hafnaði því á grundvelli þess að hann vildi sjálfur stýra framsetningu hennar.

Jón Bjarki hefur starfað sem blaðamaður á DV í fimm mánuði. Hann virðist misskilja hlutverk sitt og starf með þeim hætti að það sé hans valdi að birta hvað sem er, óháð því hvort hægt sé að staðfesta fréttina.

Jón Bjarki segir að stórir aðilar hafi stöðvað frétt DV. Það er alrangt og óskiljanlegt hvernig hann hefur öðlast þann skilning. Hann lét þess ekki getið í yfirlýsingu sinni að síðasta þriðjudag var önnur frétt hans stöðvuð. Þar fjallaði hann um mótmælendur en leitaði ekki sjónarmiða þeirra sem sökum voru bornir. Ábendingar bárust einnig um að hann hefði farið offari gegn lögreglu á vettvangi mótmæla og ekki virt mörk blaðamennsku. Lögreglan er hér með beðin afsökunar á framgöngu hans og skrifum sem birtust.

Fyrir tveimur vikum var honum falið að skrifa nærmynd um Jón Ásgeir Jóhannesson. Hann sinnti því í engu.

Það er alfarið á valdi ritstjóra fjölmiðilsins hvaða fréttir birtast í blaðinu og á vefnum. Allar kenningar um samsæri eru úr lausu lofti gripnar. Einfalt fréttamat var að litlu var bætt við í frétt Jóns Bjarka. Eins og sjá má á fréttinni, sem birt hefur verið á dv.is, er hún í raun sárasaklaus.

Áréttað skal að hótanir eða ábendingar koma ekki í veg fyrir birtingu frétta í DV. Aftur á móti er hver ábending vel þegin og farið í saumana á henni. Jón Bjarki hefur ekkert fyrir sér hvað það varðar að hótanir hafi átt sér stað. Hann staðhæfir að stórir aðilar hafi haft í hótunum við DV. Það er algjörlega óstaðfest ásökun og lýsir vel þeirri herferð sem hann hefur nú lagt upp í. Hann réðst gegn eigin blaði með tilhæfulausum ásökunum sem bera vott um afleita blaðamennsku. Hann hafði í hótunum við ritstjóra til að fá að birta óstaðfestar ásakanir sínar eða fara fram með þær sjálfur að öðrum kosti.

Það er miklvægt á þeim tímum sem nú eru að halda ákveðinni rósemi og tryggja að frásagnir fjölmiðla séu í jafnvægi, sannar og réttar. Það sér hver sem sjá vill að DV hlífir valdamönnum í engu, en blaðið verður engu að síður að leita staðfestinga fyrir fullyrðingum og gæta sanngirni í umfjöllunum til þess að þær hafi trúverðugleika og séu réttmætar. DV áskilur sér þann rétt að fjalla um hverja þá valdamenn sem gefa tilefni til umfjöllunar, aðeins með hagsmuni almennings í huga.

Reykjavík 15. desember 2008
Jón Trausti Reynisson
Reynir Traustason